



**GRUNNSKÓLI
HÚNAPINGS VESTRA**

Sjálfsmatsskýrsla 2020-2021

Febrúar 2022

Inngangur	2
Ytra mat	2
Niðurstöður innra mats	2
1. Faglegt samstarf og samræða	3
Samvirkni og stefnumótun	3
Stjórnun og fagleg forysta	3
Umbætur og innleiðing breytinga	3
2. Nám og kennsla	4
Inntak og námskrá	4
Skipulag náms	4
Námsvitund	4
3. Innra mat	5
Skipulag	5
Framkvæmd	5
Umbætur	5
4. Læsi	6
Endurskoðun	6
Yndislestur	6
Menntastefna	6
Umbótáætlun	6

Inngangur

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Húnaþings vestra er gefin út eftir hvert skólaár og er samantekt á þeim verkefnum sem hafa verið tekin fyrir samkvæmt langtímaáætlun og umbótaáætlun. Í þessari skýrslu er markmiðið að gera yfirlit að innra mati skólans aðgengilegt á auðlesanlegu efni og hægt er að skoða betur hvær undirþátt í umbótaáætlun.

Ytra mat

Í mars 2019 kom út lokaskýrsla Menntamálastofnunar á ytra mati í Grunnskóla Húnaþings vestra. Þar voru helstu umbótatækifæri í skipulagi og verklagi innra mats. Aðferðafræði og uppsetning innra mats fer alfarið eftir leiðbeiningum ytra mats og reglulega eru stöðuskýrslur sendar Menntamálastofnun til yfirferðar sem veitir gott og faglegt aðhald. Hér að neðan má sjá starfsáætlun um innra mat.

Niðurstöður innra mats

Niðurstöður Innra mats fyrir skólaárið 2020-2021:

- 63% verkefna í umbótaáætlun er lokið.
- 35% verkefna í umbótaáætlun eru hafin.
- 2% verkefna hefur ekki verið hafist handa við.

Matsteymi vann mjög markvisst á síðasta skólaári þrátt fyrir ýmsar hindranir í skólastarfi vegna COVID-19 faraldurs. Verklag er gott og vikulegir fundir eru markvissir. Matsteymi hefur hverju sinni gott yfirlit yfir stöðu verkefna og felur skólastjóra verkefni milli funda. Hér á eftir eru niðurstöður settar fram eftir fjórum meginflokkum í samræmi við ytra mat. Efni skýrslunnar er sett saman af skólastjóra í samráði við matsteymi. Útvíkkað matsteymi hefur í framhaldinu einnig farið yfir efni hennar.

Langtímaáætlun um Innra mat skóla




Grunnskóli Húnaþings vestra

Viðfangsefni	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024
Svið I - Faglegt samstarf og samræða				
1.1 Samvirkni í stefnumótun	X	X	X	X
1.2 Stjórnun og fagleg forysta	X		X	
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu		X		X
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	X	X	X	X
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir		X		X
Svið II - Náms og kennsla				
2.1 Inntak og námskrá	X			X
2.2 Árangur náms	X	X	X	X
2.3 Gæði kennslu		X		X
2.4 Skipulag náms	X		X	
2.5 Námsviltun	X	X		
2.6 Aþyrgð og þátttaka		X		X
Svið III Innra mat				
3.1 Skipulag	X			X
3.2 Framkvæmd	X			X
3.3 Umbætur	X	X	X	X
Byggt á gæðavæðingum í grunnskólum frá Menntamálastofnun				
Svið IV Læsi				
4.1 Læsi	X	X	X	X

1. Faglegt samstarf og samræða

Lokið 85% - Í vinnslu 15%



Samvirkni og stefnumótun

- Undir þessum matsþætti hefur mest verið unnið með atriði sem tengjast því að allir hagsmunaaðilar komi að stefnumótun skólans. Matsteymi hefur endurskoðað og hrint í framkvæmd breyttu verklagi sem tryggir breitt samráð starfsmanna, foreldra, nemenda og skólayfirvalda. Þar á meðal má nefna fundafyrirkomulag í skólanum, útvíkkun matsteymis, rafræna foreldrafundi og nemendaráðsfundi.
- Sérstaða skólans hefur verið skilgreind og skráð í starfsáætlun.
- Skólanámskrá hefur verið endurskoðuð og birt á heimasíðu. Skólanámskrá er sett upp fyrir hvern bekk og áhersluyfirlit er gefið í upphafi til að starfsmenn, foreldrar og nemendur geti betur áttað sig á aðaláhersluatriðum. Enn er eftir að fínþússa einstaka þætti hennar.
- Símareglur endurskoðaðar í samvinnu nemenda, starfsmanna og foreldra.
- Rafrænn almennur foreldrafundur tókst vel og vilji til að halda fleiri slíka.

Stjórnun og fagleg forysta

- Reglur um leyfi starfsmanna hafa verið yfirfarnar og birtar í starfsmannahandbók og ábyrgðaraðilar þróunarverkefna hafa verið skilgreindir.
- Ekkil hefur verið unnið með heilsueflingu starfsmanna í tengslum við verkefnið Heilsueflandi samfélag og matsteymi hefur ekki innleitt formlega eftirfylgd með námi og kennslu.

Umbætur og innleiðing breytinga


- Starfsþróunaráætlun er tengd við þróunarverkefni, t.d. jákvæðan aga. Einnig er starfsþróunaráætlun unnin í samvinnu við skólana í A-Hún og Farskólann og unnin samhliða gerð skóladagatala til að tímasetja endurmenntun.

2. Nám og kennsla

Lokið 77% - Í vinnslu 23%

-Inntak og námskrá

- List- og verkgrælnar eru komnar inn á stundaskrá óháð vali. Einnig hefur skipulagi við gerð kennsluáætlauna verið breytt og þær birtar á heimasíðu auk þess sem kennarar senda þær til foreldra.
- Stefnt er að því að koma upp "lesið og kennt" skráningum í lok skólaársins til að tryggja betri yfirsýn yfir námsefni í hverjum bekk.



Skipulag náms

- Unnið hefur verið að því að festa leiðsagnarmat í sessi. Töluvert virðist vanta á að kennarar skili leiðsagnarmati til foreldra og nemandu miðað við fjölda umsagna á vitnisburði í janúar 2022. Vinna þarf betur með leiðsagnarmat í starfsmannahópnum.

Námsvitund


- Nemandur taka þátt í gerð einstaklingsnámskráa þegar það á við.
- Lögð hefur verið áhersla á áhugasviðsverkefni en skoða þarf betur hvort nemandur fái reglulega tækifæri til að sinna náminu eftir áhugasviði, það virðist vera mismunandi.
- Ekki hefur verið unnið nægjanlega markvisst að því að þjálfa nemandur í að setja sér markmið, það tengist leiðsagnarmatinu beint og þarf að vinna betur með.

3. Innra mat

Lokið 67% - Í vinnslu 33%

Skipulag

- Sett viðmið um þann árangur sem matið beinist að í matsteymi.
- Langtímaáætlun innra mats unnin.
- Vinna þarf að verklagi til að leggja mat á fagmennsku og hæfni kennara og annarra starfsmanna.



Framkvæmd

- Matsteymi er kosið á hverju ári og það fundar vikulega.
- Útvíkkað matsteymi samanstendur af foreldrum, nemendum og starfsfólki, áþekk samsetning og hjá skólaráði.

Umbætur

- Langtíma- og skammtímaáætlanir eru til staðar.
- Umbótaáætlun er aðgengileg á heimasíðu og hefur sérstaklega verið kynnt skólaráði.
- Upplýsingar um innra mat eru sendar reglulega til ráðuneytis.
- Umbótaáætlun er tímasett.

4. Læsi

Lokið 20% - Í vinnslu 80%

Endurskoðun


- Endurskoðun læsisstefnu stendur yfir í samvinnu við skólana í A-Hún.

Yndislestur

- Mikil umræða hefur verið um yndislestur og markmið með honum hafa ekki náðst. Nokkrar tillögur hafa komið fram um breytingar sem eftir á að vinna úr. Þær tillögur eru í skoðun með tilliti til endurskoðunar á læsisstefnunni.

Menntastefna

- Stórum hluta gagnaöflunar vegna menntastefnu er lokið með sameiginlegum fundum foreldra og nemenda í hverjum bækk.
- Taka á saman tillögur og hugmyndir nemenda af bekkjarfundum með foreldrum sem haldnir voru vegna undirbúnings menntastefnu.



Umbótáætlun

Forgangsröðun - Stjórnun og fagleg forysta

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
1.1 Samvirkni í stefnumótun Deild Allir Ábyrgð Þór Ágústsson, Sigurður	Gera skólanámskrá sem uppfyllir viðmið aðalnámskrár	Gerð nýrrar skólanámskrár er hafin með aðkomu allra kennara skólans. Þeim var gert að skila kennsluáætlunum í upphafi skólaársins þar sem fram komu viðmið aðalnámskrár. Þessi viðmið verða grunnur að nýrri skólanámskrá sem mun gefa góða og ígrundaða mynd af áherslum, starfsháttum og hæfniviðmiðum hvers árgangs. Hefur verið birt á heimasíðu. Einnig verður lykilhæfni fléttuð inn í skólanámskrá hvers bekkjar og fags.	30/06/2021	SST	Í vinnslu	Skólastjórnendur gæti þess að upplýsingar séu aðgengilegar á vefnum.	Ný skólanámskrá gefur góða og ígrundaða mynd af áherslum, starfsháttum og hæfniviðmiðum hvers árgangs. Skólanámskrá birt á heimasíðu.
	Huga að því að allir hagsmunaaðilar taki þátt í stefnumótun skólans. Menntastefna.	Undirbúningur við gerð skóla- og menntastefnu fyrir Húnaþing vestra er hafin. Verkefnastjóri stýrir vinnu með öllum hagsmunaaðilum.	31/05/2022	FS	Í vinnslu	Menntastefna verði birt opinberlega.	Ný menntastefna fyrir Húnaþing vestra tilbúin.
	Huga að því að allir hagsmunaaðilar taki þátt í stefnumótun skólans. Samsetning matsteymis.	Endurskoða þarf samsetningu matsteymis.: a. Ákveðið að útvíkka matsteymi sem fundi 2-4 sinnum á ári: i. Ákveðið að nemendaráð geri tillögu að því hvaða nemendur og hversu margir sitji í matsteymi. ii. Ákveðið að foreldrafélagið tilnefni fulltrúa foreldra og fjölda þeirra í matsteymi. iii. Ákveðið að fulltrúi skólafyrirvalda í matsteymi verði sviðsstjóri iv. Ákveðið að fundargerðir matsteymis verði opinberar á heimasíðu.	30/06/2021	FS, MT	Lokið	Í matsskýrslu verður tekið saman hvort starfsáætlun matsteymis hafi verið fylgt.	Búið er að endurskoða matsteymi og fundargerðir matsteymis birtar á heimasíðu.
	Huga að því að allir hagsmunaaðilar taki þátt í stefnumótun skólans. Þátttaka foreldra.	Foreldrar hafa tækifæri til þátttöku stefnumótunar í skólaráði og fræðsluráði. Samsetning matsteymis hefur verið endurskoðuð svo foreldrar komi að þeirri vinnu.	30/06/2021	FS, MT	Lokið		Foreldrar hafa tækifæri til þátttöku stefnumótunar í skólaráði og fræðsluráði.
	Huga að því að allir hagsmunaaðilar taki þátt í stefnumótun skólans. Þátttaka nemenda.	Nemendur hafa tækifæri til þátttöku stefnumótunar á reglulegum fundum nemendaráðs. Tillögur koma fram og fá umræðu á bekkjarfundum. Einnig hafa nemendur bein áhrif í starfi skólaráðs. Samsetning matsteymis hefur verið endurskoðuð svo nemendur komi að þeirri vinnu. Umsjónarkennarar þurfa að taka fundargerðir nemendaráðs til umræðu á bekkjarfundum.	30/06/2021	FS, MT	Lokið		Nemendur hafa tækifæri til þátttöku stefnumótunar á reglulegum fundum nemendaráðs.

Umbótapáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Huga að því að allir hagsmunaaðilar taki þátt í stefnumótun skólans. Þátttaka starfsmanna.	Starfsmenn eru virkjaðir í stefnumótunarstarfi skólans í starfsmannaviðtölum, fundum og í beinum tillögum í skólaráði og við stjórnendur skólans. Starfsmenn sitja í matsteymi.	30/06/2021	FS, MT	Lokið	Í matsskýrslu verður tekið saman hvort starfsáætlun matsteymis hafi verið fylgt.	Starfsmenn eru virkjaðir í stefnumótunarstarfi skólans. Starfsmenn sitja í matsteymi.
	Tryggja að sérstaða skólans sé ljós öllum hagsmunaaðilum	Unnið samhlíða gerð skólanámskrár og menntastefnu. Allir hagsmunaaðilar fá tækifæri til að hafa áhrif á sérstöðu skólans. Sérstaða skólans komi fram í inngangi skólanámskrár. Sérstaða skólans: Áhersla á kynningu á héraði í námi, góður stuðningur við nemendur með frávík með stuðningsfulltrúum, móttaka fósturnemenda, samstarf við skólana í A-Húnavatnssýslum í kennslu og endurmenntun, samstarf við leikskóla, söngvarakeppni, árshátíð þar sem allir nemendur koma fram á sviði, danskennsla, samstarf við tónlistarskóla, samstarf við íþrótt- og tómstunda félag, þátttaka nemenda í atvinnulífi héraðsins. Einnig reglugar bekkjarfréttir á heimasíðu úr hinum ýmsu námsgreinum.	30/06/2021	FS, MT	Lokið	Sérstaða skólans komi fram í starfsáætlun	Allir hagsmunaaðilar fá tækifæri til að hafa áhrif á sérstöðu skólans. Sérstaða skólans kemur fram í inngangi starfsáætlunar.
	Tryggja þarf aðgengi allra starfsmanna að samráðs- og starfsmannafundum.	Verklagi hefur verið breytt við starfsmannafundi. Þeir aðilar sem ekki áttu kost á að mæta er nú skipt niður á daga og eiga kost á því að mæta á starfsmannafund einu sinni í viku. Fundirnir eru rafrænir á google meet.	30/06/2021	SST	Lokið	Í matsskýrslu verður tekið saman hvort starfsáætlun matsteymis hafi verið fylgt.	Aðgengi allra starfsmanna að samráðs- og starfsmannafundum tryggður.
1.4 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu Deild Allir Ábyrgð Þór Agústsson, Sigurður	Gera þarf tilfærsluáætlun við skólalok og milli skóla	Vinnsluskrá breytt til samræmis við flutning gagna	31/05/2022	MT	Lokið	Í matsskýrslu verður tekið saman hvort starfsáætlun matsteymis hafi verið fylgt.	Tilfærsluáætlun við skólalok og milli skóla tilbúin.
	Huga þarf að skólabókasafni í skólahúsnæðinu	Skólabókasafn hefur verið útfært í viðbyggingu við skólann.	01/09/2022	MT	Ekkí byrjað	Kemur fram í matsskýrslu.	Skólabókasafn hefur verið útfært í viðbyggingu við skólann.
	Skólaráð haldi árlega opinn fund með hagsmunaaðilum skólastarfsins	Skólastjóri mun taka málið upp á fundi skólaráðs.	31/05/2022	SST	Í vinnslu	Kemur fram í matsskýrslu.	Skólaráð heldur árlega opinn fund með hagsmunaaðilum skólastarfsins.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Skólaráð setji sér starfsreglur og birti fundargerðir opinberlega	Skólastjóri mun taka málið upp á fundi skólaráðs. Eldri fundargerðir sem hafa verið birtar sem fréttir settar á réttan stað á heimasíðu.	31/05/2022	SST	Í vinnslu	Birt á heimasíðu skólans.	Starfsreglur skólaráðs eru skýrar og fundargerðir birtar opinberlega.
	Skrá í skólanámskrá ferli við að koma upplýsingum um árangur í skólastarfi til foreldra og nemenda	Unnið samhliða gerð skólanámskrár. Lokaútfærslu birtingu námsmats til foreldra lokið	31/05/2022	SST	Lokið	Birt í starfsáætlun.	Í skólanámskrá eru skráð ferli við að koma upplýsingum um árangur í skólastarfi til foreldra og nemenda.
	Skrá þarf samskipti við framhaldsskóla í skólanámskrá	Unnið samhliða gerð skólanámskrár. Skrá samskipti t.d. vegna ensku og stærðfræði og hvaða viðmið hafa verið sett um nám í framhaldsskóla.	30/06/2021	SST	Lokið	Skrá í starfsáætlun.	Samskipti við framhaldsskóla skráð í skólanámskrá.
1.5 Umbætur og innleiðing breytinga Deild Allir Ábyrgð Þór Ágústsson, Sigurður	Tengja símenntunaráætlun við umbótaverkefni.	Unnið samhliða gerð skólanámskrár. Efniviður í símenntunaráætlun fenginn í starfsmannaviðtölum.	30/06/2021	MT	Lokið	Símenntunaráætlun birt á heimasíðu.	Símenntunaráætlun er tengd við umbótaverkefni.
	Tímasetja þróunarverkefni í umbótaáætlun	Næstu þróunarverkefni verið tímasett.	30/06/2021	MT	Lokið	Símenntunaráætlun birt á heimasíðu.	Þróunarverkefni eru tímasett í umbótaáætlun.
1.6 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir Deild Allir Ábyrgð Þór Ágústsson, Sigurður	Gera grein fyrir verkaskiptingu skólastjóra og aðstoðarskólastjóra og birta á heimasíðu	Skólastjórnendur skrá niður verkaskiptingu og birta á heimasíðu. Einnig skráð í skólanámskrá.	31/05/2022	SST	Ekki byrjað		Skólastjórnendur skrá niður verkaskiptingu og birta á heimasíðu. Einnig skráð í skólanámskrá.
	Minni ánægja með úrvinnslu eineltismála.	Bera saman við niðurstöður eineltiskönnunar og liðanviðtöl. Eineltisteymi fari yfir verklag.	31/05/2022	ET	Í vinnslu		
	Vinna móttökuáætlun fyrir nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda.	Verklag nemendaverndarráðs vegna beiðna og umfang þjónustu. Búið að vinna verklag um gerð einstaklingsnámskráa.	31/05/2022	MT, SST	Lokið		Búið að vinna verklag um gerð einstaklingsnámskráa.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
1.2 Stjórnun og fagleg forysta Deild Allir Ábyrgð Þór Ágústsson, Sigurður	Huga þarf að stefnu um heilsuefningu starfsmanna	Matsteymi setur fram hugmyndir um framkvæmd heilsuefningar á grundvelli hugmynda úr starfsmannaviðtölum.	30/06/2021	SST	Í vinnslu		
	Leyfi starfsmanna.	Samþykktar hafa verið reglur um leyfi starfsmanna.	30/06/2021	SR	Lokið		
	Skrá ábyrgðaraðila þróunarverkefna	Unnið samhliða gerð skólanámskrár. Ábyrgðaraðilar á þróunarverkefninu Jákvæður agi sem stefnt er að eru skólastjórnendur og fjölskyldusvið.	30/06/2021	SST	Lokið	Rætt í starfsmannaviðtölum og skoðuð líðan nemenda í skólapúlslinum og í eineltiskönnun.	Starfsfólk verði meira samstíga í agastjórnun og samskiptum við nemendur.
	Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti endurgjöf	Skólastjórnendur koma með tillögu að verklagi og ræði við kennara. Matsteymi vinnur nánar úr útfærslum.	30/06/2022	SST	Í vinnslu		

Forgangsröðun - Nám og kennsla

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
2.1 Inntak og námskrá Deild Allir Ábyrgð Þór Ágústsson, Sigurður	Gera grein fyrir markmiðum náms og tengslum við aðalnámskrá í námsvísium.	Ný uppsetning á kennsluáætlunum haustið 2019 tryggir þetta. Sjá má kennsluáætlanir á heimasíðu skólans.	30/06/2021	SST	Lokið	Birting kennsluáætlana á heimasíðu.	Í kennsluáætlun kemur fram markmið náms og tengsl við aðalnámskrá í námsvísium.
	Huga að því að nemendur séu með í ráðum við gerð einstaklingsnámskráa þegar við á.	Samráð haft við foreldra og nemendur á teymisfundum þegar við á. Sett í verklag um gerð einstaklingsnámskráa.	30/06/2021	MT, SST	Lokið	Verklag birt á heimasíðu og í starfsmannahandbók.	Samráð er haft við foreldra og nemendur á teymisfundum þegar við á.
	Koma upp "lesið og kennt" skýrslum í lok skólaárs til að kennarar næsta skólaárs geti flett upp því námsefni / efnistöfum sem farið var yfir.		30/06/2021	SST	Í vinnslu	Birt á heimasíðu.	
	Láta koma fram í námsvísium/kennsluáætlunum hvernig námsaðlögun er háttáð.	Ný uppsetning á kennsluáætlunum haustið 2019 tryggir þetta. Sjá má kennsluáætlanir á heimasíðu skólans.	30/06/2021	SST	Lokið	Birting kennsluáætlana á heimasíðu.	Í kennsluáætlunum kemur fram hvernig námsaðlögun er háttáð. Skilgreina þarf hvað felst í hugtakinu námsaðlögun.
	Samræma uppsetningu á markmiðum og leiðum í árganganámskrám/námsvísium og í kennsluáætlunum.	Ný uppsetning á kennsluáætlunum haustið 2019 tryggir þetta. Sjá má kennsluáætlanir á heimasíðu skólans.	30/06/2021	SST	Lokið	Kennsluáætlanir birtar á heimasíðu.	Samræmd uppsetning á markmiðum og leiðum í námsvísium og kennsluáætlun.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Setja skal inn í stundatöflur á elsta stigi list- og verkgreinar, óháð vali	Ný viðmiðunarstundaskrá var gerð fyrir skólann vorið 2019. List- og verkgreinar eru nú á stundatöflu og val til viðbótar.	30/06/2021	SST	Lokið	Kemur fram í matsskýrslu.	List- og verkgreinar eru á stundatöflu og val til viðbótar.
	Tryggja skal samræmi milli viðmiðunarstundaskrár í starfsáætlun og vikulegs tímafjölda námsgreina á stundaskrá	Ný viðmiðunarstundaskrá var gerð fyrir skólann vorið 2019. Þar er lögbundin kennsla í list- og verkgreinum tryggð.	30/06/2021	SBA	Lokið		Lögbundin kennsla í list- og verkgreinum tryggð.
	Tryggja þarf lögbundna kennslu í list- og verkgreinum á öllum aldurstigum	Ný viðmiðunarstundaskrá var gerð fyrir skólann vorið 2019. Þar er lögbundin kennsla í list- og verkgreinum tryggð.	30/06/2021	SST	Lokið	Kemur fram í matsskýrslu.	Lögbundin kennsla í list- og verkgreinum tryggð.
2.2 Árangur náms Deild Allir Ábyrgð Þór Ágústsson, Sigurður							
2.3 Gæði kennslu Deild Allir Ábyrgð Þór Ágústsson, Sigurður							
2.4 Skipulag náms Deild Allir Ábyrgð Þór Ágústsson, Sigurður	Leiðsagnarmat fest í sessi	Unnið að því að festa leiðsagnarmat í sessi og setja viðmið þar um. Komin viðmið í kennsluáætlunum. Fylgjast með hvernig þessum viðmiðum er fylgt eftir	30/06/2021	MT	Í vinnslu	Skoðað verði í starfsmannaviðtölum og könnunum hvort þessum viðmiðum er náð.	Allir kennarar birti (t.d. í viðtali) nemendum og foreldrum formlegt námsmat tvisvar á önn. Í kennsluáætlunum komi fram hvenær þetta muni fara fram.
2.5 Námsvitund Deild Allir Ábyrgð Þór Ágústsson, Sigurður	Fjölga verkefnum þar sem nemendum gefst kostur á að tengja námið sínu áhugasviði.	Unnið er að auknum möguleikum á þessu sviði í gegnum Google classroom. Einnig er unnið að því að setja upp val með öðrum hætti þar sem hver önn tengist tilteknu áhugasviði. Unnið með áhugasviðsþætti innan smærri verkefna í hverju fagi.	30/06/2021	MT, SST	Lokið	Kennarar geri grein fyrir áhugasviðsverkefnum í kennsluáætlunum.	Nemendum gefst kostur á að tengja námið sínu áhugasviði.
	Huga að því að nemendur séu með í ráðum við gerð einstaklingsnámskráa þegar við á.	Samráð haft við foreldra og nemendur á teymisfundi þegar við á. Sett í verklag um gerð einstaklingsnámskráa.	30/06/2021	MT, SST	Lokið	Stoðþjónusta sér um að þessu sé framfylgt.	Samráð haft við foreldra og nemendur á teymisfundi þegar við á.

Umbótabáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Þjálfar nemendur markvisst í að setja sér markmið og nýta í náminu.	Innleiðing leiðsagnarmats á síðustu þremur árum leggur áherslu á þessa þætti. Unnið er að því að samræma námsmat á mentor.is og Google classroom til að styrkja leiðsagnarmatið. Verður ákveðið að meta það í innra mati. Kennarar geri grein fyrir í kennsluáætlunum hvernig þeir hvetji nemendur til að setja sér markmið.	30/06/2021	MT, SST	Í vinnslu	Kennarar geri grein fyrir þessu í kennsluáætlunum.	Kennarar gera grein fyrir í kennsluáætlunum hvernig þeir hvetji nemendur til að setja sér markmið.
2.6 Ábyrgð og þátttaka Deild Allir Ábyrgð Þór Ágústsson, Sigurður	Foreldrar telja að nemendum líði ekki eins vel í skólanum og áður.	Bera saman við niðurstöður eineltiskönnunar og líðanviðtöl.	30/06/2021	ET	Lokið	Bera saman við niðurstöður eineltiskönnunar og líðanviðtöl.	

Forgangsröðun - Innra mat

Umbótabáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
3.1 Skipulag Deild Allir Ábyrgð Þór Ágústsson, Sigurður	Fjalla ætti um í skólanámskrá helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt.	Settur verður sér kafli í skólanámskrá um aðferðir í innra mati skólans.	30/06/2021	MT, SST	Í vinnslu		Sér kafli í skólanámskrá um aðferðir í innra mati skólans.
	Reglulega lagt mat á fagmennsku annarra starfsmanna.	Skoða leiðir til að leggja mat á störf annarra starfsmanna skólans og stjórnenda. Rætt um að skólastjórnendur ræði við aðra starfsmenn um styrkleika þeirra í starfi og hvað þeir telji að þurfi að gera til að styrkja þá í starfi. Aukið verði samstarf kennara og stuðningsfulltrúa í námsmati.	30/06/2021	MT	Í vinnslu	Rætt í starfsmannaviðtölum. Skoða þarf aðgang að stuðningsfulltrúum á starfsdögum.	Stuðningsfulltrúar taka mun meiri þátt í námsmati en áður.
	Reglulega lagt mat á kennslu og fagmennsku kennara.	Skólastjórnendur hafa kynnt hugmyndir að mati á kennslu og fagmennsku kennara á kennarafundi haustið 2019. Frekari umræða um framkvæmd og nálgun er nauðsynleg í matsteymi og kennarahópnum. Rætt um að skólastjórnendur ræði við kennara um hvaða námsefni þeir séu að kenna, af hverju, hvað virki og hvað ekki, t.d. í starfsmannaviðtölum. Kennarar hvattir til að framkvæma mat meðal nemenda á sínum störfum.	30/06/2021	MT	Í vinnslu	Metið í starfsmannaviðtölum. Faglegt samtal á stigsfundum.	Skoða þarf leiðir til að innleiða t.d. jafningjamat og stuðning.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Setja í starfsáætlun hvaða þættir eru skoðaðir í innra mati á skólaárinu	Settur verður sér kafli í starfsáætlun um hvaða þættir verða skoðaðir í innra mati skólans.	30/06/2021	MT, SST	Lokið	Matsteymi fer yfir hvort þessu hafi verið framfylgt.	Sér kafli í starfsáætlun um hvaða þættir verða skoðaðir í innra mati skólans.
	Skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að í öllum þáttum innra mats.	Til ársins 2010 voru viðmið um árangur 90% ánægja foreldra í viðhorfakönnunum. Erfiðara og erfiðara reyndist að ná svörum með svo tíðri mælingu. Matsteymi leggur til viðmið um árangur í hverju sviði og undirþáttum þeirra eins og við á.	30/06/2021	MT	Lokið	Matskýrsla dregur fram hvort viðmið um árangur hafi verið sett.	Viðmið tilbúin um árangur sem stefnt er að í öllum þáttum innra mats.
3.2 Framkvæmd Deild Allir Ábyrgð Þór Ágústsson, Sigurður	Tryggja þarf aðkomu allra hagsmunaaðila að innramatsteymi.	Búið er að kjósa fulltrúa nemenda, foreldra og fræðslufyrivalda í teyminu.	30/06/2021	MT	Lokið	Matsteymi tekur fram í matskýrslu hvort þessu hafi verið framfylgt.	Búið að kjósa fulltrúa nemenda, foreldra og fræðslufyrivalda í teyminu.
3.3 Umbætur Deild Allir Ábyrgð Þór Ágústsson, Sigurður	Bera umbótaáætlun formlega undir skólaráð.	Umbótaáætlun borin formlega undir skólaráð og það tímasett í starfsáætlun skólaráðs.	30/06/2021	MT	Lokið	Kneur fram í fundargerð skólaráðs.	Umbótaáætlun borin formlega undir skólaráð og það tímasett í starfsáætlun skólaráðs
	Gera þarf innramatsáætlun til eins árs.	Þriggja ára matsáætlun skólans römmuð inn fyrir hvert skólaár.	30/06/2021	MT	Lokið	Innramatsáætlun birt á heimasíðu.	Þriggja ára matsáætlun skólans römmuð inn fyrir hvert skólaár.
	Setja tímasetningar í umbótaáætlun.	Tímasetningar verða settar í umbótaáætlun.	30/06/2021	MT	Lokið	Skoðað í matskýrslu hvort tímasetningar hafi staðist.	Tímasetningar verða settar í umbótaáætlun.

Forgangsröðun - Læsi

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
4.1 Læsi Deild Allir Ábyrgð Þór Ágústsson, Sigurður	Gera ráð fyrir skólabókasafni í skólahúsnæðinu.	Gert er ráð fyrir skólabókasafni í viðbyggingu við skólann.	30/06/2021	LT	Í vinnslu	Tekið fram í matskýrslu.	Skólabókasafn verði til staðar.
	Huga að ólíkum árangri kynjanna í lestri (sbr. PISA 2003, 2006, 2009, 2012)	Læsteymi skilar tillögum að verklagi. Endurskoðun læsisstefnu.	30/06/2021	LT	Í vinnslu		

Umbótapáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Huga að þjálfun í hraðlestrartækni á unglíngastigi.	Læsissteymi skilar tillögum að verklagi. Endurskoðun læsisstefnu.	30/06/2021	LT	Í vinnslu		
	Setja inn í lestrarstefnu reglulegar mælingar á lesskilningi.	Læsisstefna kveður á um mælingar á lesskilningi.	30/06/2021	LT	Lokið	Tekið fram í matsskýrslu	Reglulegar mælingar á lesskilningi.
	Þjálfarar nemendur í að setja sér markmið í lestri.	Læsissteymi skilar tillögum að verklagi. Endurskoðun læsisstefnu.	30/06/2021	LT	Í vinnslu		